


# Nútímastríð gegn Evrópu: Skip frá USA færa flóttamannastrauminn til Evrópu.

**Góða kvöldið. Þessa dagana eru flóttamannahamfarirnar við Miðjarðarhafið stöðugt viðfangsefni Evrópskra stjórnmálamanna. Því að samkæmt upplýsingum innanríkisráðherra þýskalands Thomas de Maziere, bíða í Lýbíu u.þ.b. milljón aðrir flóttamenn eftir því að komast yfir Miðjarðarhafið til ESB landanna. „Hér er um að ræða ekta þjóðflutninga“, segir CDU-Evrópustjórnmálamaðurinn Elmar Brok við fréttastofu Reuters. Björgun flóttamannanna við Miðjarðarhafið er að vísu mikilvæg en hún ein og sér er engin lausn.**

Nútímastríð gegn Evrópu: Skip frá USA færa flóttamannastrauminn til Evrópu.

Góða kvöldið. Þessa dagana eru flóttamannahamfarirnar við Miðjarðarhafið stöðugt viðfangsefni Evrópskra stjórnmálamanna. Því skv. upplýsingum Thomas de Maziere, innanríkisráðherra Þýskalands, bíða ein milljón flóttamanna í Lýbíu eftir því að komast yfir Miðjarðarhafið inn í ESB. „Hér er því um að ræða ekta þjóðflutninga“, segir CDU-Evrópustjórnmálamaðurinn Elmar Brok í samtali við fréttastofu Reuters. Björgun flóttamannanna við Miðjarðarhafið er að vísu mikilvæg en hún ein og sér sé engin lausn. „Ef við sendum ennþá fleiri skip á vettvang biðu fljótlega tvær milljónir manna í Lybíu.“ Fyrir nokkrum árum voru stjórnmálamenn í Evrópu varaðir við því að deilan við Gaddafi, þáverandi valdhafa, kæmi ójafnvægi á Lýbíu og stefndi suðurlandamærum ESB í hættu. Við fall Gaddafis, sem Bandarísk stjórnvöld stóðu að, var bundinn endir á stuðning Lybíu við örugg suðurlandamæri ESB. Því Lybía skuldbatt sig samningsbundið að safna flóttamönnum í móttökubúðir og senda þá ekki yfir til Evrópu í bátum heldur aftur til baka til sinna heimalanda. „Gaddafi var einræðisherra (…)“ viðurkennir Gunther Öttinger orkumálastjóri ESB. „En hann kom á vissri reglu sem var í okkar þágu (...)“. Núna eigum við í sífelldum óeirðum við herflokka.“ Martin Schafer utanríkisfulltrúi ESB segir um þetta: „Það sem við upplifum núna er afleiðing hernaðaraðgerða sem sópaði stjórn Gaddafi frá en settu ekkert í hans stað.“ Munu varnaðarorð þeirra radda sem mæla gegn ótakmarkaðri móttöku flóttamanna á sama hátt verða kæfðar eins og þær sem vöruðu gegn því að steypa Gaddafi af stóli? Á nýlegum fundi G7 utanríkisráðherrar voru þeir sammála að eingöngu væri hægt að ná tökum á flóttamannastraumnum með því að koma friði á í Lýbíu. En enginn þeirra virðist vita hvernig það á að gerast. Mateo Renzi forsetisráðherra Ítalíu vill nú leysa vandmálið með því að ráðast af fullri hörku gegn smyglurunum sem flytja flóttamennina ólöglega til Evrópu. En fyrir þá sem þekkja þetta umhverfi er það dregið í efa að hægt sé að vinna baráttuna við smyglarana því þeir séu bara milligöngumenn sem hægt er að skipta út. Hinir eiginlegu stjórnendur eru í felum að tjaldabaki og að komast að þeim gæti reynst býsna erfitt. Á bak við þessa tugþúsundir flóttamanna stendur iðnaður sem halar inn €10.000 á hvern flóttamann. Ekkert er ábatasamara en mannsal nema kannski eiturlyfjasala. En hverjir eru þessir kaldrifjuðu baktjaldamenn sem svo erfitt er að komast að? Til þess að svara þessari spurningu þarf maður fyrst að skoða hvaðan stærstur hluti þessara flóttamanna

kemur. Frá löndum hins svonefnda „Arabíska vors“ eða öðrum svipuðum þar sem kynnt var undir ólgu utan frá, ófriðarástandi komið á og varanlegum skaða valdið. Upp frá því er engum friði hægt að koma á. Hinn skipulagði flóttamannaiðnaður lofar fólki síðan „gylltri framtíð“ í Evrópu. Fjölmiðlar landsins styðja þetta meira að segja að einhverju leiti. Í Miðafríku er líka auglýst fyrir flóttamönnum og af þeim deyja fleiri á leið sinni yfir Sahara en á Miðjarðarhafinu.

En um þetta þegja fjölmiðlarnir. Vegna þess að svo virðist sem ítalska ráðuneytið ráði ekki lengur við kringumstæðurnar þá afhenda þeir hælisleitendum, þegar þeir loks ná til Ítalíu, ný vegabréf og reiðufé og sendir þá markvisst yfir til Þýskalands. Þar yfirfylla slíkir flóttamenn allar móttöku- og aðhlynningarbúðir. Sjúkrahús og yfirvöld ráða ekkert við ástandið. Þrátt fyrir opna arma og vilja til að veita hjálp af öllu hjarta. Flóttamennirnir sjálfir átta sig í síðasta lagi þar að loforðin um „gyllta framtíð“ í Evrópu stemmi ekki við raunveruleikann og mun aldrei gera það. Engin furða þó að þetta fólk sem hefur verið svikið og blekkt myndi eldfimt samfélags-ástand. En hver beitir fólki á svona undirförulan hátt fyrir sig? Og hér er ekki bara verið að tala um flóttamennina, heldur líka gróðafíkinn flóttamannaiðnaðinn og síðast en ekki síst hinu eðlilegu hjálparviðleitni móttökulandanna?

Það sem kemur mest á óvart þegar flóttamennirnir eru spurðir þessarar spurningar er að flutningaskipin sigli undir bandarískum fána. Augsýnilega standa Bandarísk stjórnvöld og fjármálafurstarnir að baki þeirra við stjórnvölinn hvað þennan þjóðflutning varðar. En hvað veldur því að þeir hafa opnað þessa flóðgátt ólöglegra innflytjenda til Evrópu? – Eru það lofsverðar, óeigingjarnar og mannúðlegar ástæður? -Varla líklegt, því bandarísk stjórnöld vernda sín eigin landamæri gegn ólöglegum innflytjendum af miskunnalausri hörku. Þannig eru t.d. landamærin að Mexíkó tryggð með 5 m hárri girðingu sem teygist yfir 3.169 km. 17.000 landamæraverðir standa vaktina meðfram girðingunni. Með flugvélum, þyrlum, myndavélum, drónum og titringsskynjum sem bregðast við titring undir jörðu skima bandarískir landamæraverðir eftir ólöglegum flóttamönnum. Þeir sem nást eru teknir fastir og sendir til baka skilyrðalaust. Hins vegar færa Bandarísk skip okkur þúsundir flóttamanna til Evrópu.

Hver ætli viðbrögð bandarískra stjórnvalda yrðu ef frönsk eða ítölsk skip flyttu mexíkana sjóleiðis í þeirra land? Þetta er lykilspurning sem ræður úrslitum þegar flóttamannavandamálið er skoðað. Evrópskum löndum færir þessi áframhaldandi flóttamanna-herkænska Bandaríkjanna raunveruleg vandamál. Sama væri upp á teningiunum í Bandaríkjunum. Því lokar maður jú landamærunum svona þétt. Svona opinberast þessi algjörlega sviðsetta flóttamannahörmung sem nútíma stríðstækni bandarískra stjórnvalda og þeirra peningaafla sem standa þar að baki. Það mætti líka orða þetta svona. Fyrst féllu sprengjurnar á Lýbíu og nú „falla“ - myndrænt séð - flóttamenn á Evrópu. Sprengifimt vandamál. –Þetta er því ekkert annað en vel úthugsað efnahags- og fjármálastríð sem beinist gegn Evrópu og sérstaklega gegn Þýskalandi. En þetta er líka samfélagslegt stríð því að sama skapi er markvisst grafið undan fjölskyldunni, atvinnutækifærum, menningu og menntun. Markmið þessa stríðs er hreint og klárt.

Það sama gildir um hið svokallaða „Arabíska vor“. Fyrir liggur niðurbrot Evrópu á pólítska, efnahagslega og menningarlega sviðinu þar sem byrjað er á einstökum löndum. Að því loknu riðar risastór Evrugrautur til falls, örmagna og án þjóðernisvitundar, og lætur skipa sér í raðir þeirrar nýju heimsmyndar (NWO) sem alþjóðlegir fjármálafurstar hafa mótað. Þjóðir Evrópu hefðu aldrei verið tilbúnar til þessa með öðrum leiðum en þessari. Jafn lítið og hin

blómstrandi ríki voru áður en Arabíska vorið hófst. Þessvegna, kæru áhorfendur, borgar það sig, að velta þessu vel fyrir sér.
Góðar stundir.

**eftir m.b./h.m.**

**Heimildir:**

Radio SRF 1 7.00 Uhr-Nachrichten
http://deutsche-wirtschafts-nachrichten.de/2015/04/20/cdu-sieht-eine-echte-voelkerwanderung-von-libyen-nach-europa/

http://www.pi-news.net/2011/12/die-grenze-zwischen-usa-und-mexiko/

Magazin2000Plus/ Nr.364

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

---

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...**

- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

**Ábending öryggisins vegna:**

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.